

## Stofnferli grunnsjávarfugls: dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*) á Íslandi 1998-2011

\*Arnbór Garðarsson, Líffræðistofnun Háskóla Íslands  
Jón Einar Jónsson, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Íslenski dílaskarfsstofninn hefur marga kosti sem nýtast til mælinga á stofnþáttum og stofnferli. Stofninn er að mestu einangraður frá nágrönnum (í Noregi, Skotlandi og V-Grænlandi). Með árlegum athugunum á vettvangi er auðvelt að meta stærð hans, framleiðslu unga, aldursdreifingu, og lífslíkur. Stofnstærð (fjöldi hreiðra talinn af loftmyndum) var fyrst metin árið 1975 en hefur verið metin árlega frá 1994. Mikil fækkun varð á árunum upp úr 1990 og fór fjöldinn niður í 2350 hreiður í 33 byggðum árið 1995. Síðan hefur stofninn rúmlega tvöfaldast, sem samsvarar 4% fjölgun á ári, og er nú (2011) kringum 5000 hreiður í 48 byggðum. Fjölgunin er sem stendur lítið breytileg milli ára og einkennist af fremur jöfnum lífslíkum fullorðinna yfir árið (meðaltal 0,86, staðalskekkja  $\pm 0,03$ , bil 0,69-0,98). Fjöldi unga í september á hvert hreiður er breytileg, eða um  $0,7 \pm 0,07$ , bil 0,3-1,1 en lífslíkur þeirra yfir veturinn (september-maí, meðaltal  $0,45 \pm 0,08$ , bil 0,21-1,01) eru breytilegri og jafna þennan mismun upp. Gert er ráð fyrir að halda stofnþáttamælingum áfram í mörg ár til að fá fram tengsl milli breytileika í umhverfinu (veður, fæða og einnig bústaðir) og stofnferlis dílaskarfs. Veðurbreytur eru vel þekktar en áhrif þeirra á stofninn tengjast einkum hitastigi. Mjög lítið er hins vegar vitað um lífríki grunnsævis (dýpi  $< 20\text{m}$ ) en þangað sækir dílaskarfurinn fæðu sína, sem er einkum marhnútur *Myoxocephalus scorpius*, og dílaskarfurinn er raunar einn helsti ávitinn um ástand þess.